

LÖG

um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum (stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lokamálsliður 4. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

3. tölul. 5. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Ráðherra skipar stjórn sjóðsins. Skal einn stjórnarmaður tilnefndur af Landssambandi eldri borgara, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af fjárlaganefnd Alþingis. Einn stjórnarmaður skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
- b. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 2. málsl. 3. mgr. og 6. mgr. kemur: 3. mgr.
- c. Í stað tilvísunarinnar „3. mgr.“ í 2. málsl. 4. mgr. kemur: 4. mgr.
- d. 1. málsl. 5. mgr. orðast svo: Framlög skv. 3. mgr. og húsaleiga skv. 4. mgr. eru ekki veitt nema ráðherra hafi veitt framkvæmda- og rekstrarleyfi skv. 16. gr.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 2. og 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra annast stjórn sjóðsins. Stjórnin hefur sérstakan ritara og skal kostnaður við störf stjórnarinnar greiddur úr Framkvæmdasjóði aldraðra.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum.

5. gr.

Við 1. málsl. 1. mgr. 16. gr. laganna bætist: sem fer með málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Nr. 135

27. desember 2013

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 2013.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Eygló Harðardóttir.

A-deild – Útgáfud.: 30. desember 2013